



Heiðarskóli — Fréttabréf

Desember 2010

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



SPARISJÓÐURINN

Keflavík

Nemendur í 4. og 10. bekk Heiðarskóla eru í öðru sæti yfir landið í stærðfræði Niðurstöður samræmdra prófa


Niðurstöður samræmdra prófa sem 4., 7. og 10. bekkingar tóku í september liggja nú fyrir. Þegar litið er á heildarárangur nemenda Heiðarskóla, er ekki hægt að segja annað en að hann sé mjög góður. Rétt er að taka fram að samræmd próf eru ekki hinn eini sanni mælikvarði á gæði skólafarfa, en við leggjum metnað okkar í að ná góðum árangri í þeim, sem og öðrum þáttum er lúta að skólafarfinu.

Í 10. bekk tóku nemendur próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Í íslensku er meðaleinkunn skólans 6,9 en landsmeðaltalið er 6,2. Normaldreifð einkunn skólans er 33,6 og er Heiðarskóli í 7. sæti yfir skóla landsins. Í ensku er meðaleinkunn skólans 7,3 og landsmeðaltalið 7,1. Normaldreifð einkunn skólans er 32,7 og skólinn í 13. sæti yfir skóla landsins. Í stærðfræði er meðaleinkunnin 7,6 en landsmeðaltalið 6,5 og er Heiðarskóli í 2. sæti yfir skóla landsins. Sannarlega frábær árangur hjá 10. bekkingum og eiga þeir mikið hrós skilið.


7. bekkingar tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Meðaleinkunnin í íslensku er 6,3 en landsmeðaltalið 6,7. Normaldreifð einkunn skólans er 28,2 og er skólinn í 74. sæti yfir skóla landsins. Í stærðfræði er meðaleinkunn skólans 5,8 og landsmeðaltalið 6,1. Normaldreifð einkunn skólans er 27,8 og skólinn í 76. sæti yfir landið. Eins og sjá má af þessum tölum, þá er þetta ekki ásættanlegur árangur þegar á heildina litið. Erum við nú að skoða hvaða ástæður skýra þessar niðurstöður og leitað verður allra leiða til að bæta árangurinn.

Nemendur í 4. bekk tóku samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Í íslensku er meðaleinkunnin 6,6 og landsmeðaltalið 5,6. Normaldreifð einkunn er 34,6 og erum við í 12. sæti yfir landið. Í stærðfræðinni er meðaleinkunn skólans 8,4 og landsmeðaltalið 7,2. Normaldreifð einkunn skólans er 39,0 og Heiðarskóli í 2. sæti yfir landið. Fjórðu bekkingar eru að standa sig alveg frábærlega og eiga þeir mikið hrós skilið fyrir árangurinn í þessum prófum.


10. bekkur



7. bekkur



4. bekkur



10. BEKKUR Í STJÖRNUVERINU

Nemendur í 10. bekk heimsóttu Stjörnuverið í byrjun nóvember. Stjörnuverið er uppblásin hálfkúla þar sem myndum af stjörnuhimninum er kastað á loftið.



Foreldrafélagið gefur skólanum myndbandsupptökuvél

Í byrjun nóvember færði stjórn foreldrafélags Heiðarskóla skólanum að gjöf myndbandsupptökuvél. Vélin kemur að mjög góðum notum í skólanum og nú þegar eru nemendur, sem eru í stuttmyndagerð hjá Haraldi, farnir að nota hana. Skólinn færir foreldrafélaginu sínar bestu þakkir fyrir þessa gjöf.



Gunnrún Theodórsdóttir afhendir Gunnari skólustjóra upptökuvélina

NORRÆNA BÓKSAFNSVIKAN

Vikuna 8. -14. nóvember var hin árlega Norræna bókasafnsvika.

Þemað þetta árið eru fantasíur og hrollvekjur.

Lesnir voru kaflar úr bókunum Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason og Dóttir ávitarans efir danska skáldið Lenu Kaaberböl.

Af þessu tilefni var sett upp sýning á fantasíum og hrollvekjum úr safni Bókasafns Heiðarskóla.

Fantasíum og hrollvekjum er haglega raðað upp á uppdekkad borð á besta stað öllum til sýnis.

Allir kannast við hrollvekjur þar sem tilgangur höfundar er að vekja upp ótta og hræðslu meðal lesanda.

Draugar, vampírir og aðrar ófreskjur ráða ríkjum í slíkum sögum.

Ritun á fantasíum hefur stóruávik á undanförmum árum, bæði innanlands sem og utan. Í fantasíum er allt leyfilegt og hið ómögulega jafn eðlilegt og hið mögulega.

Frægar fantasíur er m.a. bækur Tolkiens um Hobbitana og Hringadróttins saga, bækur J.K. Rowling um Harry Potter, Ég heiti blíðfínnur en þú mátt kalla mig Bóbó eftir Þorvald Þorsteinsson svo einhverjar séu nefndar.



REYKJAFERÐ NEMENDA Í 7. BEKK

Vikuna 8.-12. nóvember dvöldu 7. bekkirnir þrír í Skólabúðunum á Reykjum. Þar sóttu nemendur kennslustundir í náttúrufræði og íþróttum, skyggðust inn í undraheim auranna, heimsóttu byggðarsafnið, rannsökuðu fjöruna, héldu kvöldvökur og fleira. Með þeim voru tæplega þrjátíu krakkar úr Vesturbæjarskóla. Hápunktur ferðarinnar var tvímælalaust hárgreiðslukeppni drengja og diskótekið sem hvoru tveggja fór fram á fimmtudeginum. Aðra eins stemningu á diskóteki höfðu kennararnir Steinþóra, Íris og Bryndís aldrei séð! Óhætt er að fullyrða að ferðin hafi verið afar eftirminnileg í alla staði og mun vafalaust seint eða aldrei gleymast.



Leikhúsfærð í 4. og 5. bekk

Nemendur í 4. og 5. bekk Heiðarskóla fóru í Borgarleikhúsið 9. nóvember í boði HS ORKU að sjá leikritið Bláa gullið. Farið var með rútu og gekk ferðin vel.

Í skýringartexta frá leikhúsinu er verkinu lýst svona: „Í sýningunni fjalla þrír trúðar um vatn. Þeir leika meðal annars vatnsmólikúl sem ferðast um í tíma og rúmi; frýs fast í jökli, hafnar inni risaeðlu, gufar upp og rignir niður.“

Þetta var ákaflega lífleg og skemmtileg sýning. Krakkarnir voru virkir og áhugasamir og örugglega margs vísari um vatnið og mikilvægi þess að sýningu lokinni.



Það var ánægjulegt að vera með svo þrúðan hóp í leikhúsinu og heimsóknin var skemmtileg og fræðandi

6. bekkur í vettvangsfærð

Þriðjudaginn 26. október fór 6. bekkur í náms- og kynnisferð til Reykjavíkur. Rúta frá SBK keyrði nemendur til Reykjavíkur. Fyrsti viðkomustaður var Rafheimar og 6. JP fór fyrst þangað og 6.HM fór á Landnámssýninguna Reykjavík 871+/-2.

Í Rafheimum fræddust nemendur um rafmagn og gerðu tilraunir og verkefni tengd því. Það má segja að safnið hafi vakið verðskuldaða athygli á meðal nemenda. Þeir hlustuðu og leystu verkefnið með miklum áhuga.

Á Landnámssýningunni var safnið kynnt fyrir nemendum og þar sáu nemendur m.a. upprunalegan grunn af húsi sem er elsta mannvirki sem fundist hefur í Reykjavík. Sýningin er afar glæsileg og fannst nemendum hún vera fróðleg.

Í hádeginu borðuðu báðir bekkirnir saman og svo fór 6.JP á Landnámssýninguna og 6.HM í Rafheima. Dagurinn heppnaðist mjög vel og skemmdi ekki fyrir að veðrið var alveg frábært þennan dag.



Námsferð starfsmanna Heiðarskóla

Dagana 22. og 23. nóvember fóru starfsmenn Heiðarskóla á ráðstefnu til Bandaríkjanna. Í þetta sinn var stefnan tekin á Boston á ráðstefnu þar sem boðið var upp á tvo fyrirlestra um Uppbyggingarstefnuna. Annar fjallaði um kenninguna sem stefnan byggir á en sú kenning er nefnd Sjálfstjórnunarkenniningin, Control Theory. Hinn fyrirlesturinn fjallaði um hvernig hægt er að kenna og vinna með Uppbyggingarstefnuna og Sjálfstjórnunarkennninguna í kennslustundum. Heiðarskóli hafði veg og vanda af að skipuleggja ráðstefnuna í samstarfi við Judy Anderson og Diane Gossen sem eru upphafsmenn þessarar stefnu og voru fyrirlesarar. Frá Heiðarskóla voru 48 starfsmenn á ráðstefnunni en í heild sóttu ráðstefnuna 118 manns frá Íslandi frá 15 skólum. Þegar starfsmenn Heiðarskóla komu



aftur til starfa fimmtudaginn 25. nóvember höfðu foreldrar tekið að sér að sinna nemendum fyrstu kennslustundina. Við þökkum þeim kærlega fyrir hjálpinu.



Starfsmenn Heiðarskóla voru mjög ánægðir með ráðstefnuna og hlakka til að nýta það sem þeir lærðu með nemendum sínum.

Jólaskemmtanir og stofujól

Mánudaginn 20. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálfu klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan fer hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta samkvæmt skipulagi hér til hliðar til umsjónarkennara.

kl. 08.30–10.00	kl. 10.00–11.30	kl. 11.30–13.00
1. AJ	1. IP	1. SG
2. HH	2. EÓ	3. GP
4. KG	3. EA	5. HT
6. HM	5. KJ	7. ÍÁ
7. SH	6. JP	8. RR
8. BJ	7. US	9. HE
10. ÞG	9. EP	10. ÞE
	10. AÓ	

Jólafrí

Jólafrí nemenda hefst þriðjudaginn 21. desember. Skólastarf hefst aftur þriðjudaginn 4. janúar 2011 samkvæmt stundaskrá. Starfsmenn Heiðarskóla óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.